

Hvolsskóli

Svava Björk Helgadóttir

formaður -

Ólafur Elí Magnússon

Pálína Björk Jónsdóttir

Sigurlín Sveinbjarnardóttir

og Tinna Erlingsdóttir

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2014-2015.....	3
1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta.....	4
1.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur	4
1.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur	6
1.3. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna	8
1.4. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.....	10
1.5. Vinnufriður	13
2. Samræmd könnunarpróf haustið 2013.....	15
3. Sérkennsla	17
4. Skipulag kennslu á elsta stigi	19
4.1. Stundatafla.....	19
4.2. Kennsluáætlanir.....	20
4.3. Námsver.....	20
4.4. Undirbúningur kennslunnar.....	20
4.5. Kennsluhættir	21
4.6. Agastjórnun	21
4.7. Kennslurými	21
4.8. Hvar liggja tækifærin?.....	22
5. Samstarf leik- og grunnskóla.....	22
6. Skólafærninámskeið	23
7. Uppgjörsg dagar að vori 2013	24
8. Úrbótaáætlun	26
8.1. Úrbætur unnar á skólaárinu 2013-2014.....	26
8.2. Úrbótaáætlun 2014-2015	27
Að lokum.....	30

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2013 – 2014 var skipaður Svövu Björk Helgadóttur formanni hópsins, Pálinu Björk Jónsdóttur, Ólafi Elí Magnússyni, Tinnu Erlingsdóttur og Sigurlín Sveinbjarnardóttur skólastjóra. Fundir voru haldnir á þriðjudögum, að meðaltali einu sinni í mánuði. Samstarf hópsins gekk vel og studdist hópurnir við skýrslur fyrri ára, vel gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti Sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Í ár voru spurningarnar dýpkaðar þar sem þörf þótti á að rýna betur í einstök atriði. Einnig voru framkvæmdar kannanir sem ekki voru í áætluninni. Það voru; könnun á vinnufriði meðal nemenda skólans og könnun meðal foreldra barna í fyrsta bekk varðandi skólafærninámskeið sem haldið var í fyrsta sinn fyrir þetta skólaár. Þrjár kannanir voru framkvæmdar í rýnihópum en það voru; skipulag náms á elsta stigi og könnun um nýtingu og skipulag sérkennslu og samvinna leik- og grunnskóla.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Áætlun sjálfsmats fyrir skólaárið 2014 – 2015 fylgir hér á eftir.

Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2014-2015

Tímaáætlun sjálfsmats 2013-2016

2013-2014	2014-2015	2015-2016	tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	sept.
	Skólanámskrá Hvolsskóla Almennur hluti	Starfsmannahandbók Hvolsskóla	okt.
Skipulag náms á elsta stigi	Skipulag náms á miðstigi	Skipulag náms á yngsta stigi	nóv.
6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	okt.-des.
Sérkennsla Innra skipulag og nýting	Námsmat, Staða, aðferðir og fyrirkomulag	Sérkennsla Innra skipulag og nýting	nóv./des.
Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	des.
Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. árgangi Mat nemenda á líðan í skóla	jan.
Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	jan.
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	jan.
Samstarf við leikskólann Fundur með þeim kennurum sem að samstarfinu koma	Samstarf við leikskólann Fundur með þeim kennurum sem að samstarfinu koma	Samstarf við leikskólann Fundur með þeim kennurum sem að samstarfinu koma	maí
Mat á skólastarfi skólaárið 2013 – 2014	Mat á skólastarfi skólaárið 2014 - 2015	Mat á skólastarfi skólaárið 2015-2016	Uppgjör í maí

Sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2013-2014 fór að mestu leyti fram eins og áætlun þar um gerði ráð fyrir en tveimur könnunum var bætt við. Annars vegar fór fram könnun meðal nemenda varðandi vinnufrið og hins vegar meðal foreldra fyrstu bekkinga varðandi skólafærninámskeið sem fram fór í fyrsta skipti fyrir þetta skólaár. Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru

settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2013-2014.

1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

1.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur

Könnunin var lögð fyrir í desember 2013. Þátttakendur voru 57 nemendur af 70, í 6. bekk, 8. bekk og 10. bekk eða 81,5%.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti með 26 spurningum unninn af sjálfsmatshópi.

Viðmið: Ásættanlegt er að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar. Þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti, en slíkt er ekki liðið í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 91% nemenda líður vel/frekar vel í skólanum.
- ➔ 88% nemenda Hvolsskóla koma vel/frekar vel fram við hvern annan.
- ➔ 91% nemenda segja að starfsmenn skólans koma vel fram við sig.
- ➔ 98% nemenda segja að starfsmenn skólans komi vel/frekar vel fram við aðra nemendur.
- ➔ 95% nemenda svara því til að þeir standi sig alltaf/frekar oft vel í skólanum.
- ➔ 96% nemenda finnst alltaf/frekar oft mikilvægt að standa sig vel í skólanum.
- ➔ 96% nemenda finnst mikilvægt að ná góðum tókum á lestri.
- ➔ 96% nemenda finnst mikilvægt að hafa góðan lesskilning.
- ➔ 86% barnanna eiga marga/margar, nokkra/nokkrar vini/vinkonur í skólanum.
- ➔ 86% nemenda líður vel/frekar vel í matsalnum.
- ➔ 87% nemenda í akstri líður vel/frekar vel í skólabílnum.
- ➔ 89% nemenda líður frekar vel/vel í búningsklefanum í íþróttum.
- ➔ 86% nemenda líður frekar vel/vel í frímínútum.
- ➔ 91% nemenda finnst aðstaðan í frímínútum frekar góð/góð.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 23% nemenda telja sig stundum/aldrei geta leitað til starfsmanna skólans.
Þessi þáttur kom líka illa út í fyrra en hefur batnað nokkuð milli ára. Þetta var tekið fyrir á starfsmannafundi og sett í umræðuna. Mikilvægt að halda þessu starfi áfram því nauðsynlegt er að nemendur geti rætt við starfsfólk um hlutina svo hægt sé að veita stuðning og aðstoða.
- 69% nemenda segja að það sé frekar sjaldan/aldrei vinnufriður í kennslustundum.
Í haust var farið í umræður í öllum bekkjum um vinnufrið. Nemendur komu fram með skilgreiningar og með þær til grundvallar var gerð könnun meðal allra nemenda um vinnufrið í bekknum þeirra og hvað það væri helst sem truflaði. Niðurstöður teknar saman í hverjum bekk fyrir sig sem umsjónarkennarar fengu og unnu með hver í sínum bekk. Einnig ætti að hjálpa til þegar Uppeldi til ábyrgðar verður orðið innleitt að fullu en það ferli tekur u.þ.b. 5 ár. Einnig mun ART verkefnið geta stutt við í þessu sambandi.
- 39% nemenda finnst þeim frekar sjaldan/sjaldan hrósað í Hvolsskóla.
Þessi þáttur kom einnig slakur út í fyrra en hefur þó heldur lagast. Tekið fyrir á uppgjörsdögum í fyrra og rætt um hvernig hægt er að hrósa á mismunandi vegu. Það sem virkar fyrir einn nemanda, virkar kannski ekki fyrir næsta og einnig að stundum er hægt að hrósa öllum hópnum. Oft er þó sem nemendur taka ekki til sín persónulega þegar öllum hópnum er hrósað. Halda áfram þessari vinnu.
- 23% nemenda vinna heimaverkefni sín frekar sjaldan eða aldrei.
Þetta hlutfall er alltof hátt og ástæður sem nemendur gefa eru m.a. þær að þeir hafi ekki tíma, gleymi að vinna heimanámið eða nenni því ekki. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir því að heimanámið sé í takt við námslega getu nemenda og að nemendur verði meðvitaðri um ábyrgð sína í eigin námi. Vinna að þessu í samstarfi milli heimila og skólans.

Einelti er ekki liðið í Hvolsskóla og gilda önnur viðmið þar um en yfir aðra þætti skólastarfsins og eru niðurstöður þar að lútandi í eðli sínu bæði jákvæðar og neikvæðar. Þær spurningar sem taka yfir eineltismál eru dregnar út í sérstaka samantekt.

Dæmi um niðurstöður

- 97% nemenda svara því neitandi að þeir hafi orðið fyrir einelti í Hvolsskóla *Neikvæða hliðin*: Þó svo að þetta hlutfall sé mjög hátt þá segja jafnframt 3% nemenda að þeir hafi orðið fyrir einelti síðustu 12 mánuði og það er yfirleitt í formi stríðni og uppnefningar ef viðkomandi gerir eitthvað „vitlaust“.
- 88% telja að skólafélögum sínum sé frekar sjaldan/sjaldan strítt í Hvolsskóla.
Samhliða reiknast þá að 12 % telja að skólafélagar verði fyrir einelti. Yfirleitt segjast viðkomandi reyna að hjálpa þeim sem verður fyrir eineltinu og láta kennara vita.
- 95% nemenda taka aldrei þátt í að meiða skólafélaga.
Samhliða taka 5% nemenda þátt í að meiða skólafélaga.
- 86% nemenda taka ekki þátt í að leggja skólafélagana í einelti.
Samhliða því taka 14% nemenda þátt í að leggja skólafélaga í einelti. Þetta er herra hlutfall en hjá þeim sem taka þátt í að meiða skólafélaga og segir það að einelti sé oftast á munnlegum nótum en líkamlegum.

Síðast liðin tvö ár hefur verið gert átak í vinnu gegn einelti í skólanum. Stofnað var eineltisteymi vorið 2013 sem hafði umsjón með endurskoðun eineltisáætlunar skólans og fundar teymið reglulega yfir veturinn. Eineltisteymið starfar eftir ákveðnum verkferlum og hefur verið kennurum og starfsfólki innan handar varðandi eineltismál. Umræður hafa verið um málefnið á starfsmannafundum og unnið var sérstaklega í bekkjum m.a. á Degi eineltis. Halda þarf þessu starfi áfram og hafa í umræðunni hvernig staðið er að meðferð eineltismála þannig að allir viti hvernig á að bera sig að við að tilkynna einelti eða bara þó að um grun um einelti sé að ræða því skilyrðislaust þarf að tilkynna slíkt með formlegum hætti svo hægt sé að skoða málið umsvifalaust.

1.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

1) Mat nemenda á líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir í janúar 2014. 47 nemendur af 47 svöruðu eða 100%.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 94% nemenda líður vel þegar þau fara í skólann
- ➔ 96% nemenda líður vel í skólanum
- ➔ 100 % nemenda líður vel í frímínútum
- ➔ 96% nemenda á vini í bekknum
- ➔ 98% nemenda líður vel í bekknum sínum.
- ➔ 94% nemenda finnst kennararnir koma vel fram við sig.
- ➔ 87% nemenda finnst rétt að hlýða kennurunum.
- ➔ 94 % nemenda líður vel/ágætlega í matsalnum.
- ➔ 85% nemenda líkar maturinn vel/ágætlega.
- ➔ 94% nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum og sundi og engum líður illa
- ➔ 94% nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu og þremur nemendum líður illa
- ➔ 98 % nemenda líður vel/ágætlega í smíðjum en einum líður illa
- ➔ 100 % þeirra nemenda sem eru í skólabílum líður vel/ágætlega
- ➔ 93 % nemenda líður vel/ágætlega í Skjólí en tveimur nemendum líður illa.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 45% nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum.
Athygli vekur að 13% nemenda segjast taka þátt í að stríða félögum sínum. Þetta þarf að vinna með í bekkjunum og gera börnin meðvitaðri um hvaða áhrif þau geta haft á hvert annað. Uppeldi til ábyrgðar og ART verkefnið munu vera gagnleg í þessu samhengi.
- 79% nemenda líður vel og 19% líður stundum vel í bekknum sínum.
Mikilvægt er að nemendum líði vel í bekknum sínum því líðan barna kemur niður á námsárangri þeirra. Þessum niðurstöðum vísað til umsjónarkennara.
- 26% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 68 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður.
Þessir bekkir starfa í opnu rými og mögulega skýrir það að einhverju leyti svo neikvæðri niðurstöðu. Unnið hefur verið með vinnufrið í bekkjunum og rætt hvernig hægt er að draga úr truflunum. Í vetur voru fengnar „hosur“ á stólfætur á

einu bekkjarsvæðinu til að dempa hávaða og til stendur í samvinnu við byggingafulltrúa sveitarfélagsins að loka rýmin betur af með tilliti til hljóðvistar.

- 13% nemenda telur að það sé hávaði í bekknum sínum og 60% telja að það sé stundum hávaði í bekknum.

Þessar niðurstöður haldast í hendur við vinnufriðinn en tekur þó kannski meira til truflana frá börnunum sjálfum. Bundnar vonir við að Uppeldi til ábyrgðar og ART verkefnið muni hjálpa til við að bæta þessar niðurstöður til lengri tíma.

- 72 % nemenda telur að kennararnir komi vel fram við þá.

Þessi þáttur hefur heldur batnað milli ára en betur má ef duga skal. Halda áfram umbótum í þessum málum.

1.3. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna

Könnun var lögð fyrir foreldra á foreldradegi í skólanum 8. janúar 2014 og var svörunin 83%. Stuðningsfulltrúar sáu til þess á sjálfan foreldradaginn að minna foreldra og forráðamenn á mikilvægi könnunarinnar.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti sem sjálfsmatshópur samdi.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 97% foreldra svara að barninu þeirra líði vel/frekar vel í skólanum.
- 99% telja Hvolsskóla hvetja nemendur til að skila góðum námsárangri alltaf/oftast.
- 97% foreldra taka alltaf/oftast virkan þátt í námi barnsins.
- 94% foreldra hafa alltaf/oftast yfirsýn yfir nám barnsins síns.
- 93% telja umsjónakennarann hafa góða/frekar góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.
- 99% foreldra finnast þeir alltaf/oftast velkomnir í Hvolsskóla.
- 97% foreldra segja að samstarf sitt við skólann í tengslum við nám barnsins gangi vel/frekar vel.
- 99% foreldra telja kennara Hvolsskóla leggja alltaf/oftast metnað sinn í góða kennslu.
- 100% foreldra treysta starfsmönnum Hvolsskóla vel/frekar vel.

- 87% telja Hvolsskóla alltaf/oftast geta ráðið fram úr eineltismálum.
- 97% foreldra eru sammála/frekar sammála að starfsmenn skólan komi fram við barnið þeirra af virðingu.
- 93% foreldra eru sammála/frekar sammála um að Hvolsskóli njóti virðingar í samfélaginu.
- 96% foreldra eru sammála/frekar sammála að barnið þeirra fái hvatningu í Hvolsskóla.
- 85% foreldra líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 daga úr 180 dögum.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 27% foreldra telja að það sé sjaldan vinnufriður í bekk barnsins.
Í haust fór fram ítarleg skoðanakönnun meðal nemenda skólans um vinnufrið. Í kjölfarið fóru fram umræður í bekkjum um það hvernig hægt er að stuðla að betri vinnufrið þ.e. hvað nemendur og kennarar geta gert varðandi mas í kennslustundum. Nú á vordögum voru settar sérhannaðar „hosur“ á stólfætur á yngsta stigi sem gera það að verkum að ekki glamrar eins í stólunum þegar þeir eru dregnir eftir gólfinu. Einnig kom byggingafulltrúi sveitarfélagsins og skoðaði skólabygginguna með tilliti til breytinga sem gætu lagað hljóðvist.
- 50% foreldra hafa kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti vel/frekar vel. Hvetja þarf foreldra til að skoða heimasíðuna og kynna sér aðgerðaráætlunina. Nauðsynlegt er fyrir alla að vita hvernig bregðast skuli við þegar grunur um einelti kemur upp og gott væri að umsjónarkennarar ræði þessi mál við foreldra í viðtölum.
- 18% foreldra segja að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum í vetur en aðeins 14% foreldra segjast hafa tilkynnt eineltið.
Raunin er sú að tilkynning um einelti barst frá tveimur aðilum og var strax brugðist við því með formlegum hætti eins og kveðið er á um í nýrri og endurskoðaðri eineltisáætlun skólans. Í Hvolsskóla er einelti ekki liðið og frá því í haust hefur eineltisteymi skólans verið að innleiða nýja verkferla sem unnið er eftir þegar um grun um einelti er að ræða. Enn og aftur er ástæða til að benda á að hver sá sem telur sig verða vitni að einelti, eða grunar að um einelti geti verið að ræða, á að tilkynna það með formlegum hætti á þar til gerðum eyðublöðum.

- 25% foreldra barna sem nýta sé mötuneyti skólans eru ekki ánægðir með mötuneyti Hvolsskóla.

Að þessu sinni var innt nánar eftir skýringum á því hvað þótti helst athugunarvert. Niðurstöðurnar verða ræddar á fundi með kokkinum og fundnar leiðir til úrbóta.

Annað sem kom fram hjá foreldrum.

- ❖ Vil þakka skólanum fyrir gott starf þar sem mér finnst unnið vel og af metnaði við stuðning við nemendur
- ❖ Ég er afar stolt af þessum skóla og barnið mitt er mjög ánægt. Saman getum við gert enn betur og vinna hlutina í sameiningu; foreldrar, kennarar og sveitarstjórn.
- ❖ Athuga hávaða í mötuneyti og kennslu.
- ❖ Langar að koma á framfæri þakklæti fyrir hreint framúrskarandi kennara sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að kenna og sinna börnum á faglegan og kærleiksríkan hátt.
- ❖ Nota mentor sem upplýsingatæki milli kennara, foreldra og nemenda.
- ❖ Væri gaman að sjá meira þróunarstarf innan skólans.
- ❖ Í heild er skólastarfið samfélaginu til sóma.

1.4. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.

Matstæki: Rafræn könnun lögð fyrir á starfsdegi 3. janúar. 2014. 46 af 54 starfsmönnum skólans svöruðu könnuninni eða 87% starfsmanna.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 95% starfsmanna hlakkar til að mæta í vinnuna á morgnanna.
- 92,5% starfsmanna svara að starfsandinn sé góður/frekar góður.
- 82,5% finnst vinnuaðstaðan vera góð/frekar góð.
- 100% eiga gott/frekar gott samstarf við skólastjórnendur.
- 82,5% finnst skólanum vel/frekar vel stjórnað.
- 97,5% eiga gott/frekar gott samstarf við vinnufélagana.

- ➡ 82,5% gengur vel/frekar vel að halda uppi aga.
- ➡ 82,5% telja að vel/frekar vel sé tekið á agamálum í skólanum.
- ➡ 87,5% finnst að vel/frekar vel að agamál sem lenda inni á borði stjórnenda sé fylgt eftir.
- ➡ 80% telja Hvolsskóla njóta alltaf/oftast virðingar í samfélaginu.
- ➡ 80% líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 úr 180.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 35% telja að vinnuálagið sé mikið/of mikið.
Svo virðist sem umsjónarkennarar með of stóra bekki hafi of mikið á sinni könnu. Kanna þarf með viðtölum hvernig má styðja við þá þannig að álag minnki. Skoða nánar í rýnihópum á hverju stigi fyrir sig.
- 25% finnst upplýsingarflæðið frekar slæmt/slæmt.
Upplýsingaflæðið hefur batnað mjög mikið á milli ára að mati starfsmanna en í fyrra voru 63% sem töldu það slæmt. Farið var í endurskoðun á þessum þætti, stofnuð síða á facebook fyrir starfsmenn Hvolsskóla og skráð var reglulega á töflu í kaffistofu. Halda þarf áfram á sömu braut.
- 42,5% telja að vinnufriður í kennslustundum sé frekar slæmur/slæmur.
Gera þarf endurbætur á kennslurými t.d. loka stofum, setja upp hurðir og þar sem búið er að loka þarf að hljóðeinangra (t.d. á miðstigi). Búið er að skilgreina vinnufrið meðal nemenda en fara þarf í samskonar vinnu meðal starfsmanna. Eru allir að leggja sömu merkingu í það orð?
- 40% hafa ekki kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti.
Bæta aðgengi fólks að aðgerðaráætluninni á heimasíðu skólans og kynna fyrir nýju starfsfólki. Á starfsmannafundi í febrúar 2014 var mikilvægi þess að kynna sér áætlunina ítrekað við starfsfólk og eintökum af áætluninni útbýtt. Vísað til skólastjóra.
- 32,5% hafa ekki kynnt sér skólasóknarreglur skólans.
Minna á skólasóknarreglur sem eru á heimasíðu skólans og kynna fyrir nýju starfsfólki. Farið var yfir reglurnar á starfsmannafundi í febrúar 2014. Vísað til skólastjóra.
- 22,5% telja Hvolsskóla sjaldan vera framsækinn skóla.
Skilgreina þarf innan starfsmannahópsins hvað sé framsækinn skóli svo allir séu að leggja svipaða eða sömu merkingu í það orð. Ræða þarf hvað það er sem við stöndum fyrir í dag og hvaða skref ætti að taka í framhaldinu. Vísað til stjórnenda.

- 30% finnast mötuneyti skólans frekar slæmt/slæmt.

Að þessu sinni var innt nánar eftir skýringum á því hvað þótti helst athugunarvert. Niðurstöðurnar verða ræddar á fundi með kokkinum og fundnar leiðir til úrbóta. Haldinn fundur fyrir skólabyrjun í haust þar sem línurnar verða lagðar fyrir veturinn. Vísað til skólastjórnenda.

Mikill meirihluti starfsfólk er farinn að nýta sér uppeldi til ábyrgðar að einhverju leiti.

Dæmi um hvernig starfsfólk er farið að nýta sér uppeldi til ábyrgðar.

- ❖ Reyni að nota Uppeldi til ábyrgðar tungumálið.
- ❖ Geri bekkjarsáttmála
- ❖ Ræði hlutverkin
- ❖ Í samtölum við nemendur
- ❖ Reyni að höfða til ábyrgðar nemenda gagnvart námi og velferð.
- ❖ Við agastjórnun
- ❖ Nota jákvæð orð í stað neikvæðra
- ❖ Hef tamið mér jákvæð samskipti, hrós og ber virðingu fyrir nemendum og öðru starfsfólki
- ❖ Að minna nemendur á hlutverkin sín, bekkjarsáttmáli og þarfirnar eru líka verkfæri sem eru notuð í kennslustofunni.

Niðurstöðum var skilað til UTÁ hópsins til kynningar og frekari úrvinnslu. Innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar tekur nokkur ár og gerist í ákveðnum skrefum. Nauðsynlegt er að skerpa línurnar reglulega, skoða hvert við erum komin og hver næstu skref eiga að vera. Kynna þarf ávallt vel fyrir nýju starfsfólki hvað Uppeldi til ábyrgðar er en jafnframt að gæta þess að viðhalda ferlinu. Einnig verður matið að haldast í hendur við þau skref sem tekin eru í innleiðingarferlinu. Stefnt er að námsferð til Bandaríkjanna næsta vor þar sem verður námskeið í Uppbyggingarstefnunni.

Hugmyndir frá starfsfólki hvernig hægt er að vinna með jákvæð samskipti.

- ❖ Gera oftast eitthvað saman eftir vinnu
- ❖ Fara í skemmtiferð starfsmanna með gistingu
- ❖ Temja sér jákvætt viðhorf, hvað get ég gert betur og hvert er mitt hlutverk

- ❖ Auka flæði og samskipti milli stiga: kannski að taka dag þar sem kennarar skipta um stig (ekki allir þó í einu)
- ❖ Vera jákvæð og sýna öllum tillitssemi og virðingu hér innan skólans.

Í fyrra komu fram hugmyndir um að fá fyrirlesara eða hópeflisdag þar sem allir starfsmenn tækju þátt, með það að markmiði að ná fram jákvæðum samskiptum og til að efla starfsmannahópinn sem eina heild. Á starfsmannafundi í byrjun vorannar kom Edda Björgvinsdóttir og var með hópeflisnámskeið sem tókst vel í alla staði. Einnig hefur starfsmannafélagið komið sterkt inn í vetur, verið með spilakvöld og ýmislegt fleira sem brýtur upp hversdagsleikann og hristir hópinn saman.

Annað sem starfsfólk vildi koma á framfæri

- ❖ Ábendingar varðandi könnunina: hafa miðjumöguleika og meira pláss til að skrifa frá eigin brjósti
- ❖ Meira samstarf milli stjórnenda, kennara og annars starfsfólks, samræming milli stiga
- ❖ Skýr námsmarkmið og fá foreldra með
- ❖ Vera duglegri við að koma inn með spennandi verkefni í kennsluna og prófa ólíkar kennsluáferðir
- ❖ Huga betur að heimspeki, siðfræði og mannrækt
- ❖ Vera drífandi að nýta niðurstöður könnunar til að breyta og bæta
- ❖ Hvolsskóli er flottur og góður skóli!

Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og bárust þá fleiri ábendingar eins og; að hafa kannanirnar á jákvæðari nótunum, ekki alltaf að horfa eftir því neikvæða og hafa brunaæfingar ekki bara í morgunlotum heldur einnig á öðrum tíma dagsins.

Unnið verður áfram með ábendingar þær sem komið hafa fram og er vísað til skólastjórnenda.

1.5 Vinnufriður

Í haust voru kennarar fengnir til að ræða um vinnufrið í bekkjum sínum og taka saman punkta um hvernig nemendur skilgreina vinnufrið. Með þá punkta til grundvallar samdi sjálfsmatshópurinn skriflega könnun sem lögð var fyrir alla nemendur skólans. Teknar voru saman niðurstöður með þrennum hætti. Í fyrsta lagi var unnið úr hverjum bekk fyrir sig, hvert stig var tekið saman og eins var allur skólinn skoðaður í heild sinni. Hér verða tíundaðar

niðurstöður fyrir allan skólann en einnig fékk hver umsjónarkennari niðurstöður frá sínum bekk til frekari úrvinnslu og eins fengu deildarstjórar samandregnar niðurstöður fyrir sitt stig.

Niðurstöður fyrir skólann í heild

- 32% segja að það sé vinnufriður í bekknum sínum
- 51% segja að það sé ekki vinnufriður í bekknum sínum
- 17% eru óvissir

Yfir helmingur nemenda segir að ekki sé vinnufriður í bekknum sínum og það er alvarlegt mál og brýnt að ráða bót á hið allra fyrsta. Skoða þarf vel hvaða þættir það eru sem trufla vinnufriðinn, bæði innri þættir eins og hegðun nemenda og kennsluhættir og líka ytri þættir eins og hávaði frá húsgögnum, umferð, tæknibúnaði og slíku. Halda áfram að vinna að þessum úrbótum.

- 57% segja að truflunin stafi af masi og spjalli bekkjarfélaga
- 18% segja að truflunin stafi af umgangi bekkjarfélaga
- 27% segja að truflunin stafi af masi og spjalli frá öðrum bekkjum
- 14% segja að truflunin stafi af umgangi hjá öðrum bekkjum
- 14% segja að truflunin sé af öðrum toga

Í þessum atriðum sker yngsta stigið sig verulega úr þar sem helsta truflunin stafar frá öðrum bekkjum. Má leiða að því líkum að þar spili aðstæður stóran þátt því yngsta stigið er í „opnu rými“ og hljóðvist þykir ekki góð. Búið er að fá nokkurskonar „hosur“ á stólfætur í þriðja bekk í þeim tilgangi að minnka hávaða þegar stólarnir eru hreyfðir. Einnig er búið að fá byggingafulltrúa sveitarfélagsins til að líta á aðstæður með það fyrir augum að loka bekkjarýmin af með tilliti til betri hljóðvistar.

- 22% segjast trufla vinnufriðinn í bekknum sínum
- 65% segjast ekki trufla vinnufriðinn í bekknum sínum
- 13% eru óvissir

Hér svara 35% nemenda annaðhvort að þeir trufla vinnufriðinn í bekknum sínum eða eru ekki alveg vissir hvort þeir geri það. Hér ætti Uppeldi til ábyrgðar og ART að vera bæði kennurum og nemendum hjálplegt við að koma á og viðhalda vinnufrið því helstu ástæður truflunar

segja þau vera að þau; tali of mikið við bekkjarfélaga, eru með of mikinn umgang og óþarfa hávaða.

2. Samræmd könnunarpróf haustið 2013

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk en í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk.

Matstæki: Próf send frá Námsmatsstofnun.

Viðmið: Að árangur nemenda Hvolsskóla sé yfir meðaltali á Suðurlandi og nái helst meðaltali fyrir landið allt í öllum greinum.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mest er unnið með niðurstöður einstaklingslega og er skipulag kennslu í skólanum í fámennari hópum og með mikla mönnun vel til þess fallin að sinna því. Hér á eftir verða sýndar meðaleinkunnir alls landsins, Suðurlands og meðaltöl Hvolsskóla.

4. bekkur; Í ár eru 22 nemendur í fjórða bekk og af þeim tóku 19 íslenskuprófið og 21 tók stærðfræðiprófið.

Landsmeðaltal í íslensku er 5,9 og í stærðfræði er það 6,8

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 5,8 og í stærðfræði 6,8.

➔ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er 6,29 og 6,98 í stærðfræði.

Að þessu sinni er Suðurlandsmeðaltal í stærðfræði örlítið lægra en landsmeðaltal.

Sá ánægjulegi árangur náðist í ár að Hvolsskóli var yfir bæði Suðurlands- og landsmeðaltali og náði þar með viðmiðum sínum að þessu sinni.

7. bekkur; Í ár eru 24 nemendur í sjöunda bekk og af þeim tóku 23 íslenskuprófið og 23 stærðfræðiprófið.

Landsmeðaltal er 6,4 í íslensku og 6,8 í stærðfræði

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 6,2 og í stærðfræði 6,6.

➔ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 6,35

➤ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 6,5

Að þessu sinni vorum við yfir Suðurlandsmeðaltali í íslensku en að öðru leyti náðum við ekki markmiðum. Því þarf enn að rifja upp og vinna mikið út frá einstökum þáttum prófanna.

10. bekkur: Í ár eru 18 nemendur í tíunda bekk og af þeim tóku 14 íslenskuprófið, 14 tóku enskuprófið og 14 tóku stærðfræðiprófið.

Landsmeðaltal í íslensku er 5,9 og landsmeðaltal í ensku er 7,0. Að þessu sinni er stærðfræðieinkunn gefin í bókstöfum; A, B, C og D. Meðaltalsflokkun yfir landið er að 12% nemenda fengu A, 48% nemenda fengu B, 26% nemenda fengu C og 14% nemenda fengu D.

Suðurlandsmeðaltal í íslensku er 5,7 og í ensku er það 6,8. Suðurlandsmeðaltal í stærðfræði er að 7% nemenda fengu A, 51% nemenda fengu B, 28% nemenda fengu C og 14% nemenda fengu D.

➡ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku er 5,82.

➡ Meðaltal Hvolsskóla í ensku er 6,89.

➡ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er að 0% nemenda fengu A, 71,4% nemenda fengu B, 28,57% nemenda fengu C og 0% nemenda fengu D.

Að þessu sinni var Hvolsskóli yfir Suðurlandsmeðaltali í íslensku og ensku og rétt undir landsmeðaltali í sömu greinum. Í stærðfræði eru nemendur Hvolsskóla í meðaltalinu þar sem enginn nemandi fékk A og enginn fékk D. Hægt er að skoða niðurstöður stærðfræðinnar með þeim hætti að sameina tvo efri flokkana og tvo neðri flokkana. Þá eru niðurstöðurnar þær að herra hlutfall nemenda í 10.bekk Hvolsskóla eru yfir bæði Suðurlands- og landsmeðaltali í efri flokkunum.

Þrátt fyrir að nokkuð hafi áunnist og niðurstöðurnar ánægjulegar að þessu sinni er þó unnið að því að viðhalda árangrinum og reynt að gera enn betur. Unnið er að ákveðnum námsviðmiðum í ritun, málfræði og stærðfræði og eru tilbúin drög á yngsta stigi. Byrjað er að funda hjá íslensku- og stærðfræðikennurum milli stiga, þar sem viðmiðin eru tekin og unnið með þau áfram og aðlöguð að hverju stigi fyrir sig. Þessi vinna er einnig liður í að brúa á milli stiga innan grunnskólans og auka samfellu í námi.

3. Sérkennsla

Ekki er til stefna skólans í sérkennslumálum en til grundvallar liggur *einstaklingsmiðun* í námi og *skóli án aðgreiningar*. Í maí fundaði sjálfsmatsnefndin ásamt deildarstjórum skólans, sérkennurum og þroskaþjálfum til þess að ræða sérkennslu í skólanum. Stuðst var við umræðuramma með spurningum sem taka yfir fyrirkomulag sérkennslu í skólanum og eru eftirfarandi atriði dæmi um niðurstöður fundarins.

- ❖ Alls njóta yfir 50 nemendur stuðnings- og sérkennslu við Hvolsskóla.
- ❖ Þeir sem sinna sérkennslu og stuðningi eru; sérkennarar, ýmsir faggreinakennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar undir handleiðslu umsjónarkennara.
- ❖ Seint verður hægt að segja að stuðningur og sérkennsla sé of mikil og trúlega erum við að gera gríðarlega vel. Reynt er að gera eins vel og hægt er fyrir börn sem þurfa stuðning og stundum er á mörkunum að það rúmist innan stundaskrárinnar.
- ❖ Ef nemandi vísar verulega frá í námsviðmiðum eða félagslegum og atferlislegum þáttum í lengri tíma er farið að kalla eftir ítarlegri skoðun. Yfirleitt er það gert að frumkvæði umsjónarkennara.
- ❖ Að lokinni greiningu og mati eru stofnuð teymi sem fundar reglulega. Teymin skipa; foreldrar, kennarar og deildarstjóri ásamt þeim sérfræðingum og ráðgjöfum sem þörf er á í hverju tilviki. Í kjölfarið er sérkennslan skipulögð í samráði við kennsluráðgjafa og einstaklingsnámskrá gerð.
- ❖ Deildarstjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár en umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara, ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Einstaklingsnámskrárnar eru uppfærðar reglulega, staðan metin og ný markmið sett.
- ❖ Á yngsta stigi er sérkennslan unnin í sex vikna lotum, á miðstigi er unnið í nokkurs konar „átaki“ og á elsta stigi ræður stundataflan för.
- ❖ Þeir nemendur sem eru í stuðning og sérkennslu eru flest allir með greiningar en þó fá nokkrir nemendur sérkennslu sem víkja frá viðmiðum.
- ❖ Þegar nemendur hafa náð viðmiðum þá er sérkennslu hætt í samráði við kennsluráðgjafa og foreldra en þó er sérkennslu aldrei hætt í mörgum tilvikum.
- ❖ Til eru námsviðmið í lestri, ritun og stærðfræði upp í 7. bekk og liggja samræmdu prófin til grundvallar þeim viðmiðum.
- ❖ Áhersla er lögð á að allir nemendur taki samræmt próf þar sem skólinn nýtir niðurstöðurnar í einstaklingsmiðuðum tilgangi. Rýnt er í próf einstaklinga milli bekkja og séð hvernig framfarir hafa orðið í gegnum skólagönguna, þættir prófanna teknir og

skoðaðir og unnið með þá á einstaklingsgrunni. Ef stór hluti bekkjarins stendur illa í ákveðnum þætti er unnið sérstaklega með það.

- ❖ Sérkennslan fer ýmist fram sem einstaklingskennsla eða í litlum námshópum og fer það eftir því hvað er verið að vinna. Einstaklingskennslan er eingöngu á yngsta- og miðstigi.
- ❖ Öll börn fara í MOT hreyfiþroskaprófið og unnið er sérstaklega með þá þætti sem koma illa út hjá hverju barni. Íþróttakennarar, þroskaþjálfar og iðjuþjálfar meta hvort nemandi þarf á auka hreyfiþjálfun að halda.
- ❖ Gripið er inní þegar hegðun nemenda er farin að trufla starfið og reglur eru brotnar. Þá er mikilvægt að málin séu sett í ákveðinn farveg og verklagsreglur séu skýrar. Varðandi börn með tilfinningavanda er hægt að fá aðstoð sálfræðings og umhverfið er aðlagð. Uppeldi til ábyrgðar og ART verkefnið getur hjálpað nemendum og starfsmönnum í sambandi við hegðunarstjórnun og tilfinningavandamál.
- ❖ Nemendur með miklar sérþarfir hafa stórt teymi um sín mál. Í teymunum situr ávallt einhver aðili sem hefur sérþekkingu á fötlun nemandans. Hann er talsmaður þeirra réttinda sem nemandinn hefur og þrýstir á það sem nemandinn á rétt á, þegar þörf er á. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir því hvaða úrræði og fyrirkomulag eru best fyrir nemendur með mikla fötlun og að þeirra velferð sé höfð að leiðarljósi. Þó svo að allir séu af vilja gerðir þá hafa grunnskólar ákveðnar takmarkanir þegar kemur að sérþekkingu á málefnum og umönnun einstaklinga með miklar fatlanir. Að sama marki þarf að skoða stöðu þessara nemenda þar sem hætta getur verið á félagslegri einangrun.
- ❖ Þeir nemendur sem eru lengra komnir í námi en aðrir bekkjarfélagar, fá ekki neina sérkennslu sem slíka. Á elsta stigi fá þeir þyngra námsefni, fara á undan í námsefninu og taka framhaldsskólaáfangu. Ef þessum nemendum væri sinnt miðað við getu ættu þeir möguleika á að komast mikið lengra.
- ❖ Nýbúar eiga rétt á aukakennslu í íslensku í þrjú ár eftir að þau flytja til landsins. Skólinn hefur verið mjög sveigjanlegur varðandi þau börn sem þurfa þessa aðstoð lengur. Stundum hefur nemendum verið sinnt sérstaklega þó svo þeir séu fæddir á Íslandi en eiga foreldra sem eru af erlendu bergi brotnir.

Tillögur um úrbætur

- Fara þarf í vinnu við að marka stefnu skólans í sérkennslumálum, sem og að skerpa á fyrirkomulagi í námsveri. Þessir þættir verða teknir til frekari skoðunar, settir í forgang í úrbótaáætlun og er vísað til skólastjórnenda.
- Lestrarstefna skólans er í góðum farvegi ásamt samræmingu á námsviðmiðum milli stiga sem er vel á veg komin og halda þarf áfram með það starf.
- Skoða ætti hvort sé hægt að útbúa eftirfyllniþróf fyrir nemendur sem koma slakir út úr samræmdum prófum og unnið er sérstaklega með.
- Að ná tökum á lestrarfærni er mjög mikilvægt og í því sambandi skiptir miklu máli að börn séu látin lesa heima fyrir eins og kveðið er á um í lestrarstefnu skólans. Sérstaklega á það við um þau börn sem eiga erfitt með lestrarnámið og lenda oftar en ekki í sérkennslu þess vegna. Stöðugt þarf að leita leiða til að ná til foreldra varðandi þennan þátt því þar liggja tækifæri til úrbóta.

4. Skipulag kennslu á elsta stigi

Tveir fundir voru haldnir með starfsfólki á elsta stigi þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá umræðurammi sem unninn var af sjálfsmatshópnum en formaður hópsins stjórnaði umræðum. Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja og er vísað til skólastjórnenda til frekari úrvinnslu.

4.1. Stundatafla

Starfsfólki finnst nokkuð góð blöndun milli verklegra og bóklegra námsgreina þó komu fram nokkur atriði sem hafa þarf í huga.

Gefa þarf ráð fyrir því í stundatöflu þegar nemendur eru að koma úr íþróttahúsi og fara í umsjónartíma. Tekur oft langan tíma að koma sér á milli húsa. Gæti verið lausn að hafa umsjónarstundina alltaf fyrst á morgnana og svo íþróttatímamann eftir það. Mikilvægt að ekki sé tekið af námstíma nemenda þ.e. kennslustundum í þessar milliferðir.

Taka þarf tillit til þess í stundatöflu þegar íþróttatímar og svo val tímar í íþróttum lenda á eftir hver öðrum þá verður minna úr framlagi nemenda í seinni tímanum.

Gæta að því að hafa ekki langar samfellur eða vinnulotur, sérstaklega í lok dags og mikilvægt að gefa tækifæri til að pústa.

4.2. Kennsluáætlanir

Umsjónarkennari gerir almennar bekkjaráætlanir í samvinnu við þá kennara sem að kennslunni koma og einnig eru gerðar einstaklingsáætlanir í samvinnu við sérkennara og þroskaþjálfara sem sjá um kennslu og stuðning við þá nemendur. Fram kom að sinna þyrfti þeim þætti betur. Kennsluáætlanir standast yfirleitt hjá fjöldanum en hjá þeim skemra og lengra komnu þá er endurmetið eftir þörfum.

Þeir nemendur sem lengra eru komnir eru undir handleiðslu umsjónarkennara en vinna námsefnið á eigin forsendum í samvinnu við foreldra og eru þar af leiðandi á eigin ábyrgð. Þessum þætti finnst kennurum að þeir nái ekki að sinna nógu vel með þann tíma sem þau hafa sem og aðstoð. Gott væri að hafa einhvern einn kennara sem heldur utan um þetta, hefur kennsluna inni í sinni stundatöflu og sér um þessa nemendur.

4.3. Námsver

Námsverið er vel nýtt og oft yfirbókað. Námsverið er staðsett á miðstigi og væri í lagi ef vera í námsveri er inná stundatöflu nemenda og starfsmaður sé ávallt til staðar. Þeir nemendur sem eru í námsveri fara þangað að fengnum ráðleggingum frá kennsluráðgjafa og sérkennara vegna sérúrræða í námi. Einnig senda umsjónarkennarar nemendur þangað í samvinnu við sérkennara.

Í umræðunni vöknudu ýmsar spurningar og athugasemdir og meðal annars má nefna hvort; þeir nemendur sem standa vel og vantar frið til að læra, eigi líka rétt á að nýta námsverið, þeir nemendur sem eru með vottorð í íþróttum til langs tíma eigi einnig rétt á að nýta námsverið frekar en að sitja og horfa á í íþróttahúsinu og hvort það sé rétt að námsverið sé oft á tíðum nýtt til að losa „þrýsting“ af bekkjum vegna hegðunarvandamála.

Húsnæði námsvers er illa nýtt að því leyti að ekki er hægt að vera með marga nemendahópa þar inni sem hafa mismunandi þarfir og mikilvægt að góð hljóðeinangrun sé til staðar. Breyta þarf viðhorfum til námsvers með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert fyrir nemendur að fara þangað. Gott væri fyrir elsta stig að hafa námsver á stiginu, t.d. þrjár lokaðar stofur með þremur kennurum. Fram komu hugmyndir um hvort hægt væri að nýta rými Tónlistarskólans með það fyrir augum.

4.4. Undirbúningur kennslunnar

Kennarar sammála um að ekki sé nægur tími til að undirbúa kennsluna og byggja kennsluáætlanir á þeim áætlunum sem þeir eiga fyrir. Nemendur eiga í langflestum tilfellum að vita hvernig skipulagið er hvort sem er um hvern tíma að ræða, hvern dag eða viku. Sumir

kennarar skrifa á töflu hvað eigi að gera í tímanum en sumir kynna skipulagið munnlega í upphafi tímans. Þetta fyrirkomulag virkar fyrir langflesta nemendur.

Mentor er almennt notaður í utanumhald en mismikið þó eftir kennurum. Kennurum finnst viðmótið í Mentor að sumu leyti ábótavant og ekki gott að senda póst þar í gegn.

4.5. Kennsluhættir

Það sem helst stjórnar vali á kennsluaðferðum er: samsetning nemendahópsins, stofan, samstarfskennari/stuðningur og tækniúnaður. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru í gangi og töflukennsla er hverfandi því nemendur taka síður eftir þegar verið er að kenna yfir stórum hópi. Innlangir eru oft stuttar því hópurinn er dreifður á fjórum eða fimm stöðvum og svo vinna nemendur með aðstoð kennara. Meira er af paravinnu en hópavinnu því nemendurnir kunna ekki að vinna í hóp og telja kennarar mikilvægt að kenna nemendum hópastarf og að skipta með sér verkum. Kennarar eru duglegir að nýta sér tæknina og trúlega gætu legið einhver tækifæri á þeim vettvangi.

Meira samráð vantar í samvinnu og undirbúning og mikilvægt er að gera ráð fyrir samráðstíma í vinnuskipulagi starfsmanna til undirbúnings. Hafa ákveðna fundi á dagskrá þar sem allir starfsmenn stigsins eiga að mæta og gera ráð fyrir því í vinnuskipulagi. Einnig þarf að skerpa línur og hafa meira samráð þar sem kennarar vinna saman í ákveðnum námsgreinum og einnig þarf að vinna meira á milli stiga að samræmingu á aðferðum og hugmyndafræði almennt.

4.6. Agastjórnun

Mikill tími fer í að koma nemendum í vinnu, nemendur tala mikið og eru lengi að koma sér fyrir og gera sig tilbúna í verkefni. Nemendur með greiningar skera sig ekki úr hvað agamál og sjálfsstjórn varðar og nokkrar umræður urðu um þá þætti sem starfsfólki fannst að vinna þyrfti betur með og efla í fari nemenda. Þar má m.a. nefna skort á sjálfstæði og frumkvæði auk þess sem nemendur tileinka sér ekki virka hlustun og spurning er hvað veldur. Brýnt er að taka þessi mál til skoðunar og er vísað til skólastjórnenda til frekari úrvinnslu.

Þörf er á að gera nemendur sjálfstæðari í eigin námi. Einu sinni gerðu nemendur áætlanir sjálfir í samráði við kennara og virkaði það vel fyrir betur stadda nemendur. Núna finnst nemendum þeir vera komnir í frí þegar áætlun er lokið.

4.7. Kennslurými

Rýmið er fullnýtt og rúmlega það, vantar allavega eina kennslustofu. Verið er að nýta alls konar aukastofur, t.d. bókasafnið, fjarfundastofu, kósýstofu og víðar. Sett var upp tölvustofa á ganginum með fartölvunum sem kemur ekki vel út þar sem tölvurnar eru fáar og lélegar,

nettenging slæm og hávaði frá nærliggjandi kennslurýmum. Tölvustofan á miðstigi nýtist elsta stigi mjög illa þar sem árekstrar eru í stundatöflu þ.e. miðstig og elsta stig skarast í tímasetningu.

4.8. Hvar liggja tækifærin?

Umræður urðu um hverjir styrkleikar stigsins væru og eins hvar tækifærin liggja. Á stiginu starfar gott starfsfólk með fjölbreytta þekkingu og styrkleika. Leggja meiri áherslu á samvinnu og samráð og rýna sameiginlega til gagns á uppbyggilegan, tillitssaman og jákvæðan máta. Fundarmenn nefndu að mikilvægt væri að samræma reglur á stiginu og myndi það skapa skýran ramma fyrir nemendur.

Mikill áhugi var fyrir því að sinna betur þeim nemendum sem lengra eru komnir í námi: Einnig að nýta verklega þáttinn betur í skólastarfinu án þess þó að gefa alveg eftir í kjarnagreinum því halda þarf vel við efnið.

Taka á málefnum þeirra barna sem eru „til baka“, bera sig ekki eftir hlutunum og vilja týnast í hópnum. Efla þarf þessa einstaklinga með öllum mögulegum hætti og jafnvel að fara nýjar leiðir í þeim efnum.

5. Samstarf leik- og grunnskóla

Til þess að fara ofan í kjölinn á samstarfi leik- og grunnskólans, ákvað Sjálfsmatshópurinn að senda spurningalista sem innihélt 8 spurningar á þá leik- og grunnskólakennara sem að samstarfinu komu.

Samhljóða álit þeirra sem að samstarfinu komu er að heimsóknirnar hafi gengið vel og að þær séu mikilvægur þáttur í aðlögun nemenda að grunnskólanum. Þessar heimsóknir skila sér í öruggari nemendum sem þekkja húsnæði og kennara áður en eiginleg grunnskólaganga hefst.

Í vetur voru nemendahóparnir 5 en kennurum fannst alveg koma til greina að heimsóknum væri fækkað, þ.e. að hafa smiðjurnar í færri skipti en á móti mætti skoða að hafa hópana eitthvað stærri. Ánægja var með að breyta hópunum á miðju tímabilinu og búa til nýja þannig að blöndunin yrði meiri.

Athugasemdir voru gerðar gagnvart tímasetningum heimsóknanna en þær voru á föstudagsmorgnum kl. 8:30 til 10:10. Þetta þykir full snemmt fyrir leikskólanemendur þar sem morgunmat hjá þeim er ekki lokið og svo tekur alltaf tíma að klæða sig í útifötin og ganga í Hvolsskóla í alls konar veðri. Veldur það álagi á bæði kennara og nemendur. Helst

vantar leikskólanemendur aðstöðu fyrir útifatnað í andyri Hvolsskóla en að öðru leyti er aðstaðan í Hvolsskóla nokkuð góð.

Almennt þótti samstarfið ganga mjög vel og að við mættum gera meira af því að kynna það út á við. Ábendingar komu fram um að kynna samstarfið fyrir fræðslunefnd og sveitarstjórn nú í haust.

Að þessu sinni var notaður spurningalisti við matið á samstarfinu en fram kom að sameiginlegur fundur hefði þótt ákjósanlegri leið og gefi meiri og betri upplýsingar. Fram kom ítrekun á að haldinn verði sameiginlegur fundur þeirra kennara sem kenna sitt hvoru megin við skólaskilin þ.e. á elstu deild og á yngsta stigi. Þar yrðu ræddar kenningar og hugmyndafræði sem unnið er eftir og styrkja með því samstarfið og taka það skrefinu lengra.

6. Skólafræðinámsskeið

Matstæki: Rafræn könnun lögð fyrir í mars 2014. 8 af 15 foreldrum svöruðu könnuninni eða 53 %.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ Foreldrar töldu að skólabyrjun barna þeirra hefði gengið vel í haust en eins og vel er þekkt þegar breytingar verða á högum barna þá getur því oft fylgt óöryggi. Þeir sögðu að tekið hefði verið gott tillit til einstaklingsþarfa barnanna.
- ➔ Allir foreldrar töldu að gagnlegt sé að halda skólafræðinámsskeið en 86% foreldra sóttu námskeiðið. Sögðu foreldrar meðal annars að slíkt námskeið hristi saman hópinn, geri bæði börn og foreldra öruggari og á það sérstaklega við þá sem eru að senda fyrsta barn sitt í skóla. Einnig gefi svona námskeið góða innsýn í nám og starf í grunnskólanum.
- ➔ Hjá þeim foreldrum sem fundið hafa mun á skólabyrjun eldri barna og þeirra sem hófu nám í haust. Fannst þeir velkominn í skólann og að kennararnir hafi áhuga á barninu og leggi sig fram um að því líði vel og nái framförum. Þeim fannst börnin vera mjög tilbúin til að koma í skólann og þekktu kennara og aðstæður mjög vel. Ánægja var með samstarf milli leikskólans og grunnskólans

- ➡ Almenn ánægja með fyrirkomulag námskeiðsins en fram kom hugmynd um að foreldrar kæmu á skólatíma nokkrum vikum eftir skólabyrjun og sjá börnin að vinnu í skólanum.

Skólafærninámskeiðið er liður í samstarfinu milli leikskólans Arkar og Hvolsskóla sem verið hefur í þróun til nokkurra ára. Ánægjulegt er að þetta vor fengu skólarnir viðurkenningu frá Heimili og skóla fyrir þetta þróunarstarf.

7. Uppgjörsdagar að vori 2013

Á uppgjörstegi þann 26. maí var öllum starfsmönnum skipt niður í sex hópa. Hóparnir fengu lista sem innihélt umræðupunkta og spurningar sem þeir gátu stuðst við þegar rýnt var í vetrarstarfið. Niðurstöður hópanna voru dregnar saman og kynntar á fundi með Skólaráði þar sem þær voru ræddar og eru í aðalatriðum eftirfarandi:

Nemendur koma vel undirbúnir í fyrsta bekk og eflaust á gott samstarf við leikskólann sinn þátt í því.

Í skólastarfinu hefur verið góður starfsandi og ágætt jafnvægi. Að flestu leyti hefur starfið gengið vel þó hefur í sumum tilfellum komið þungir kaflar og endurskoða þarf bekkjarstærðir og hópaskiptingar með hliðsjón af starfsfólki og húsnæði. Samhliða þarf að skoða viðmið í agamálum og úrræði þar að lútandi. Þessi mál verða tekin til sérstakrar skoðunar, fá forgang í úrbótaáætlun og er vísað til skólastjórnenda.

Upplýsingaflæði hefur batnað mikið milli ára og mikilvægt að halda áfram á þeirri braut. Mjög jákvætt er að stundatafla liggur fyrir að vori og fleiri undirbúningsdagar að hausti eru góð viðbót því mikið er að gera á haustönninni þar sem þemadagar, samræmdu prófin og kennaraþingið setur mark sitt á starfið.

Endurskoða þarf fyrirkomulag á námsveri. Skilgreina starfsemina, setja markmið og kynna betur fyrir starfsfólki og einnig er mikilvægt að þar sé starfsmaður sem ber ábyrgð á skipulaginu. Þetta atriði verður tekið til sérstakrar skoðunar, fær forgang í úrbótaáætlun og er vísað til skólastjórnenda.

Hugmyndir komu fram um að auka samstarf við tónlistarskólann t.d. með nýtingu húsnæðis í huga. Aðstaða í íþróttahúsinu hefur batnað mikið við að fá „ræktina“ og þá er hægt að sinna betur þeim nemendum sem þurfa á sértækum úrræðum að halda.

Starfsmenn voru beðnir um að skilgreina hvað væri vinnufriður. Þar voru hóparnir nokkuð einhuga og er eitthvað á þá leið að vinnufriður felst í því þegar kennarar geti komið sínu á framfæri án truflunar og að nemendur geti unnið án truflunar. Rætt var um að vinnufriður sé ekki endilega dauðapögn. Það megi tala saman og vinna saman en sýna eigi öðrum tillitsemi og virðingu.

Einnig voru starfsmenn beðnir um að skilgreina hvað felst í því að vera framsækinn skóli. Niðurstöður voru á þá leið að *framsækinn skóli* væri skóli sem tileinkar sér nýjungar, ígrundar og tekur upplýstar ákvarðanir og fylgir þeim eftir. Skóli sem þróar vinnubrögð sín og aðferðir og starfsfólk ræðir saman með það að markmiði að stuðla að sameiginlegum skilningi og að allir séu að róa í sömu átt.

Starfsmenn telja að mörg tækifæri felist í þeim mannauð sem skólinn hefur yfir að ráða. Hægt sé að útfæra nýjar leiðir í námi og meðal annars horft til aukningar í verklegum þáttum og þá í samstarfi við nærsamfélagið. Í skólanum séu margir reyndir kennarar sem geta miðlað mörgu góðu innan veggja skólans.

Samræma námsviðmið og framvindu náms í einstökum greinum þannig að samfella sé innan hvernar greinar út grunnskólageggunnar. Þá vinnu gæti verið gott að vinna í rýnihópum sem skipaðir eru þeim sem að kennslunni koma. Það myndi einnig auka innsýn milli skólastiga en einnig gæti verið áhugavert að hafa nokkurs konar blöndun bæði á kennurum og nemendum milli stiga. Það fyrirkomulag gæti verið á svipuðum nótum og núverandi samstarf milli leik- og grunnskólans. Hugmynd kom fram á fundi með foreldraráði um að kenna þyrfti námstækni í skólanum og undirbúa nemendur með þeim hætti fyrir nám í framhaldsskóla.

Samstarf við foreldra er gott og foreldrar nemenda mjög jákvæðir í garð skólans. Það er mikill styrkur við bæði skólastarfið í heild og eins í sambandi við nám og líðan nemenda en skoða þarf leiðir til að vinna með góða sjálfsmynd barna. Mikilvægt er að börnum líði vel bæði andlega og líkamlega. Virkja þarf innri áhugahvötina, hrósa og hvetja þau til dáða á eigin forsendum. Mikið er að gerast í lífi barna á þessum árum og sífellt þarf að vera á varðbergi gagnvart þeim sem eiga í tilfinningalegum erfiðleikum. Góð félagsfærni er ein af undirstöðum góðra lífsgæða og mikilvægt er að nemendur tileinki sér slíka færni. Í því sambandi þarf að leita allra leiða sem mögulegar eru. Uppeldi til ábyrgðar og ART eru góð tæki í því sambandi og því mikilvægt að styrkja þátt þeirra í skólastarfinu eftir föngum.

Á fundi með foreldraráði kom fram vilji hjá Rauðakrossdeild Rangárvallasýslu að halda námskeið fyrir nemendur á efri stigum grunnskólans í skyndihjálpi. Gæti sú vinna farið fram á þemadögum að vori.

Góður starfsandi er ekki sjálfsagður og er að langmestu leyti undir viðhorfi starfsmanna kominn. Við búum svo vel að starfsánægja er góð í skólanum en stöðugt þarf að vera vakandi yfir því að slíkt tapist ekki niður. Vinna þarf stöðugt að gagnkvæmri virðingu meðal starfsfólks, viðhalda gleði í daglegu starfi, muna eftir að hvetja hvert annað, hrósa og sýna áhuga á því sem aðrir eru að gera.

8. Úrbótaáætlun

Innra mat felst ekki einungis í að afla gagna heldur á matið að leiða til umbóta á skólastarfinu. Niðurstöðurnar þurfa því að liggja til grundvallar þegar umbætur eru skilgreindar og skipulagðar í umbótaáætlun. Í umbótaáætlun kemur fram hvaða þættir þarfnast umbóta, til hvaða aðgerða á að grípa, hverjir eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni, hvenær hún kemst í framkvæmd og hvenær á að meta árangur.

Í þessari skýrslu koma fram niðurstöður gagnaöflunar skólaársins 2013-2014 og eru tíundaðar bæði jákvæðar og neikvæðar niðurstöður. Sum atriði verða tekin til nánari skoðunar innan hvers stigs og af þeim sem að málunum koma en svo eru ákveðnir þættir sem sjálfsmatshópurinn hefur dregið út og setur í sérstaka úrbótaáætlun í ákveðinni forgangs röð.

8.1. Úrbætur unnar á skólaárinu 2013-2014

Vinnufriður

Síðast liðið haust var farið í markvissa vinnu innan bekkja skólans þar sem bekkjarkennarar ræddu við börnin og komu þau með skýringar á því hvað þau segja að sé vinnufriður. Í kjölfarið var gerð könnun sem allir nemendur skólans svöruðu, niðurstöður innan hvers bekkis voru dregnar saman og bekkjarkennarar fengu til frekari úrvinnslu. Einnig voru settar hosur á stóla í þriðja bekk með það fyrir augum að minnka skarkala vegna húsgagna. Haft var samband við byggingafulltrúa sveitarfélagsins og hann fenginn til að skoða húsnaðið með tilliti til hljóðvistar s.br. *Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða no 657/2009*. Þetta mál er enn í vinnslu og er í höndum skólastjóra og sveitarstjórnar.

Starfsánægja

Nýjar reglur settar á varðandi skipan stjórnar starfsmannafélags og félagið verið mjög virkt í vetur. Edda Björgvinsdóttir kom á starfsdegi og var með fyrirlestur um starfsanda og viðhorf starfsfólks. Að viðhalda góðri starfsánægju er ferli sem alltaf þarf að vera í gangi og snertifletir margir. Þar af leiðandi koma allir starfsmenn að í áframhaldandi vinnu.

Upplýsingaflæði

Skólastjórnendur hafa gert upplýsingaflæðið innan skólans skilvirkara, meiri upplýsingar eru sendar í tölvupósti til starfsmanna, heimasíða skólans er virkari og stofnuð hefur verið starfsmannasíða á fésbókinni sem og síður fyrir foreldra hvers árgangs og hefur verið ánægja með það. Þessi vinna er áfram í vinnslu og er í höndum skólastjórnenda.

Bekkjarstærðir

Unnið að því að stórir bekkir innan skólans séu í umsjón tveggja kennara og hópaskiptir. Í einhverjum tilvikum eru þó skorður settar vegna húsnæðis en unnið er að því að finna lausnir í því sambandi. Skólastjórnendur vinna málið áfram með umsjónarkennurum.

ART

Í haust fóru fjórir starfsmenn af yngsta stigi á ART námskeið og unnu verkefni því tengdu í vetur. Í kjölfarið verður ART námskeið nú í haust sem fleiri starfsmenn munu sækja og áframhaldandi ART vinna verður næsta vetur. Eru vonir bundnar við að ART styðji við Uppeldi til ábyrgðar því báðar aðferðir vinna að sama markmiði. Þessi stefnumörkun og innleiðing verður í höndum skólastjórnenda.

Eineltismál

Aðgerðaáætlun gegn einelti hefur verið endurskoðuð og er komin til framkvæmda. Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans sem og eyðublöð fyrir tilkynningar. Nýtt eineltisteymi var skipað s.l. vor og tók formlega til starfa í haust. Eineltisteymið fundar reglulega og vinnur eftir ákveðnum og formlegum verkferlum. Innleiðing þeirra verkferla mun taka einhvern tíma en vinna þarf markvisst og ákveðið eftir áætluninni og meta reglulega.

8.2. Úrbótaáætlun 2014-2015

Sérkennsla

Marka þarf stefnu skólans í sérkennslumálum. Fara í skilgreiningu á því hvað sé sérkennsla, hverjir eigi rétt á henni og hvernig við viljum sjá fyrirkomulag sérkennslu í skólanum. Umsjón með þessari vinnu er í höndum skólastjórnenda.

Námsver

Skilgreina þarf starfsemina betur, setja markmið og athuga hvort ekki þurfi að vera ákveðinn ábyrgðarmaður með námsverinu. Mikilvægt að kynna niðurstöður og fyrirkomulag vel fyrir öllu starfsfólki. Umsjón með þessari vinnu er í höndum skólastjórnenda.

Mötuneyti

Nokkuð hefur borið á því að maturinn er ekki nægur og kemur það niður á elsta stigi þar sem þau eru síðust í mat. Þar sem matseðillinn rúllar á 7 vikum væri hægt að skrá niður á hverjum degi hvað kemur mikill matur, hvort vantar mat eða hvort of mikið er af mat þannig að í næstu yfirferð ætti að vera hægt að vera nákvæmari. Einnig er hægt að setja á „mötuneytisráð“ þar sem nemendur, starfsmenn, skólastjóri og kokkur koma saman að matseðilsgerð og leggja línur. Brýnt er að unnið sé í þessu sem fyrst og er vísað til skólastjóra.

Bekkjarstærðir/námshópar

Fjölmennir bekkir hafa verið þungir í vetur og skoða þarf hópaskiptingar með hliðsjón af starfsmannahóp og húsnæði með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Ekki þurfa allir bekkir endilega samskonar úrræði en taka tillit til samsetningar nemendahópa, stöðu mála og sértækra úrræða. Vísað til skólastjórnenda til úrvinnslu í samvinnu við kennara.

Agamál – agastjórnun

Taka agamál föstum tókum, starfsfólk þarf að kynna sér gildandi reglur og vinnuferla og tileinka sér. Setja stífan ramma sem unnið er eftir og taka á agabrotum samstundis og hafa reglur skýrar. Vinna þarf að því að nemendur tileinki sér sjálfsaga og vinna þarf það í samvinnu við foreldra. Málið í höndum allra starfsmanna og eftirfylgd hjá skólastjórnendum.

Félagsfærni og tilfinningalegur vandi nemenda

Samhliða því að unnið sé að agamálum þarf að vera vakandi fyrir nemendum sem eiga í tilfinningalegum vanda. Skoða hvaða leiðir er hægt að fara í þeim efnum og til hvaða „verkfæra“ er hægt að grípa. ART og UTÁ gæti haft sitt að segja en þetta málefni þarf að taka fyrir innan starfsmannahópsins og gera alla meðvitaða um vanda þessara nemenda. Málið í höndum allra starfsmanna, foreldra og skólastjórnenda.

Viðhorf nemenda til náms

Leita leiða til að vinna að breyttu viðhorfi nemenda til náms og að þeir axli ábyrgð sína á eigin námi. Sérstaklega í eldri bekkjum er áberandi að ákveðinn hópur nemenda hefur lítinn metnað gagnvart námi og vilja ekki taka ábyrgð á eigin námi. Þessir einstaklingar ná að „smita“ samnemendur sína að einhverju leyti. Þessu er mikilvægt að snúa við og vinna í samvinnu við foreldra. Taka þarf umræðu innan starfsmannahópsins og fá hugmyndir um hvernig hægt er að vinna að málinu. Hægt er að búa til bækling þar sem ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins koma fram. Málið í höndum og á ábyrgð allra starfsmanna, foreldra, nemenda og skólastjórnenda s.br. *Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.*

Upplýsingaflæði

Áfram þarf að vinna að betra upplýsingaflæði og næsta skólaár munu starfshópar innan skólans verða sýnilegri á starfsmannafundum og kynna hvaða málefni þeir hafa til umfjöllunar, hvernær þeir funda o.þ.h. Vísað til skólastjóra.

Hvolsskóli – framsækinn skóli

Á uppgjörsdögum skilgreindu starfsmenn *framsækinn skóla sem skóla sem tileinkar sér nýjungar, ígrundar og tekur upplýstar ákvarðanir og fylgir þeim eftir. Skóli sem þróar vinnubrögð sín og aðferðir og starfsfólk ræðir saman með það að markmiði að stuðla að sameiginlegum skilningi og að allir séu að róa í sömu átt.*

Skerpa þarf línur varðandi stefnumótun og gera sýnilegri í samfélaginu. Beðið er eftir skólastefnu sveitarfélagsins sem er í vinnslu en von er á. Vísað til skólastjórnenda til frekari úrvinnslu.

Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta, því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2013–2014, kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til umbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2014–2015.

Sjálfsmatshópnum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu. Skólaráð kom á fund með sjálfsmatshópi þar sem farið var yfir niðurstöður og ábendingum komið á framfæri. Skýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

Hvolsvelli í júní 2014

F.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Svava Björk Helgadóttir,

formaður.